Haldið er reglulegt dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) miðvikudaginn 18. nóvember 2026.

Fyrir er tekið:
Kærumál nr. 1/2026–2027
Ungmennafélag Laugdæla (UMFL)
gegn
Knattspyrnufélagi Vesturbæjar (KV)

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Aðilar máls

Mál þetta var upphaflega móttekið af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 26. október 2026. Kærandi er Ungmennafélag Laugdæla (UMFL), kt. 500478-0399, Hverabraut 2, 840 Laugarvatni, fyrir hönd keppnisliðsins Laugdæla/Uppsveita.

Kærði er Knattspyrnufélag Vesturbæjar (KV), kt. 701107-0390, Flyðrugranda 20, 107 Reykjavík.

II.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess að sér verði dæmdur 20–0 sigur í leik Ungmennafélags Laugdæla og Knattspyrnufélags Vesturbæjar í VÍS-bikarkeppni karla sem fram fór þann 19. október 2026. Jafnframt krefst kærandi þess að kærða verði gert að sæta viðurlögum samkvæmt reglum KKÍ, þar á meðal sekt samkvæmt gr. 8.5 í reglugerð um körfuknattleiksmót.
Kærði hefur ekki lagt fram dómkröfur eða greinargerð í málinu.

III.

Málsatvik

Þann 19. október 2026 mættust Laugdælir/Uppsveitir og KV á Laugarvatni í 32-liða úrslitum VÍS-bikars karla. Leiknum lauk með sigri KV, 115–103.

Í leiknum tefldi kærði fram leikmönnunum Lars Erik Bragasyni og Reyni Bjarkani Barðdal Róbertssyni, sem skráðir voru á venslasamninga hjá KV frá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur (KR). Samkvæmt leikskýrslu og opinberri tölfræði leiksins léku báðir umræddir leikmenn í leiknum; Reynir lék í 28:41 mínútur og Lars Erik í 26 mínútur og 3 sekúndur.

Fyrir umræddan bikarleik höfðu farið fram tveir leikir hjá KR í efstu deild karla (Bónus deildinni) á yfirstandandi keppnistímabili 2026–2027, hinn 9. október 2026 gegn Grindavík og hinn 15. október 2026 gegn Njarðvík. Samkvæmt opinberum leikskýrslum KKÍ úr þeim leikjum lék Lars Erik samtals 46 mínútur og 45 sekúndur (23 mínútur og 22 sekúndur að meðaltali í leik) og Reynir samtals 35 mínútur og 36 sekúndur (17 mínútur og 48 sekúndur að meðaltali í leik). Samkvæmt útreikningi á leikmínútum reyndust þeir vera 5. og 6. mínútuhæstu leikmenn KR í Íslandsmóti á yfirstandandi tímabili þegar bikarleikurinn fór fram.

Þann 26. október 2026 barst nefndinni formleg kæra frá Ungmennafélagi Laugdæla ásamt fylgigögnum og staðfestingu á greiðslu kærugjalds. Sama dag var kæran og fylgigögn hennar send forsvarsmönnum kærða, með áskorun um að halda uppi vörnum og skila greinargerð í samræmi við 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Engin greinargerð, andmæli eða kröfur hafa borist frá kærða.

IV.
Málsástæður og lagarök kæranda

Kærandi byggir kröfur sínar á því að Lars Erik Bragason og Reynir Bjarkan Barðdal Róbertsson hafi hinn 19. október 2026 verið meðal þeirra sjö leikmanna KR sem leikið höfðu flestar mínútur að meðaltali í Íslandsmóti á yfirstandandi keppnistímabili.

Vísar kærandi til 1. mgr. 5. gr. reglugerðar KKÍ um venslasamninga þar sem kveðið er á um að þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir móðurfélag sé óheimilt að vera á venslasamningi. Samkvæmt 2 mgr. sömu greinar beri að miða við heildarmínútur í Íslandsmóti innan yfirstandandi keppnistímabils deilt með fjölda leikja til að finna meðaltal leikmanna. Þá beri félög sjálf ábyrgð á því, samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, að tryggja að lánsleikmenn

þeirra séu ekki yfir meðaltali sjö mínútuhæstu leikmanna hjá móðurfélagi sínu til að tryggja að þeir séu löglegir á hverjum tíma.

Kærandi færir fyrir því rök að skráning venslasamninga hjá KKÍ í upphafi tímabils geti ekki ein og sér veitt leikheimild ef skilyrði 5. gr. reglugerðarinnar eru ekki lengur uppfyllt þegar leikur fer fram. Þar sem báðir leikmenn hafi verið meðal sjö leikmínútuhæstu leikmanna móðurfélagsins hafi þeir verið ólöglegir í leiknum.

Hvað varðar viðurlög vísar kærandi til gr. 8.5 í reglugerð um körfuknattleiksmót. Þar sé mælt fyrir um að komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur beri félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapi leiknum. Hafi liðið verið hærra að stigum skuli úrslit skráð 20–0 andstæðingnum í vil. Þá sé jafnframt kveðið á um 250.000 kr. sekt í 3. mgr. gr. 8.5 ef notaður er ólöglegur leikmaður í bikarkeppni meistaraflokka. Kærandi leggur áherslu á að ábyrgð félags sé hlutlæg og óháð ásetningi eða því hvort brotið hafi ráðið úrslitum leiksins, sbr. fordæmi áfrýjunardómstóls KKÍ í máli nr. 1/2022–2023.

V.
Málsástæður og lagarök kærða

Kærði hefur ekki nýtt sér rétt sinn til að halda uppi vörnum eða skila greinargerð í málinu þrátt fyrir áskorun þar að lútandi. Liggja því hvorki fyrir málsástæður, lagarök né dómkröfur af hálfu kærða.

VI.
Niðurstaða

(i)

Kæra í máli þessu var móttekin af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 26. október 2026 vegna leiks sem fram fór þann 19. október 2026. Kæran barst innan sjö sólarhringa kærufrests samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, ásamt því sem kærugjald var greitt.

(ii)

Í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar KKÍ um venslasamninga segir:

„Þeim sjö (7) leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir móðurfélag er ekki heimilt að vera á venslasamning. Er þar átt við alla leikmenn viðkomandi félags á yfirstandandi keppnistímabili sem sannanlega hafa leikheimild með liðinu hverju sinni.“

Í síðari málslið 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar segir:
„Miða skal við heildarmínútur í Íslandsmóti innan yfirstandandi keppnistímabils deilt með fjölda leikja til að finna meðaltal leikmanna."
Í 3. mgr. 5. gr. segir enn fremur:

„Félög sjá sjálf um að tryggja að lánsleikmenn þeirra séu ekki yfir meðaltali sjö (7) mínútuhæstu leikmanna hjá móðurfélagi sínu til að tryggja að þeir séu löglegir á hverjum tíma."

Í 2. mgr. gr. 8.5 í reglugerð KKÍ um körfuknattleiksmót segir:
„Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapar leiknum. Hafi það verið lægra að stigum skulu úrslit standa óbreytt. Sé það hins vegar hærra að stigum skulu úrslit skráð tuttugu - núll (20-0), andstæðingum í vil."
Í 3. mgr. gr. 8.5 sömu reglugerðar segir:
„Ef notaður er ólöglegur leikmaður í tveimur efstu deildum karla og kvenna, bikarkeppni meistaraflokka og meistarakeppni á vegum KKÍ er sektin 250.000 kr."

(iii)

Í málinu liggja fyrir gögn úr opinberri tölfræði og leikskýrslum KKÍ um leiki meistaraflokks KR í Íslandsmóti karla (Bónus deildinni) á keppnistímabilinu 2026–2027 fram að umræddum bikarleik hinn 19. október 2026. KR hafði lokið tveimur leikjum í deildinni. Lars Erik Bragason hafði leikið samtals 46 mínútur og 45 sekúndur í leikjunum tveimur, eða 23 mínútur 22,5 sekúndur að meðaltali í leik, og Reynir Bjarkan Barðdal Róbertsson samtals 35 mínútur og 36 sekúndur, eða 17 mínútur 48 sekúndur að meðaltali í leik.

Samkvæmt útreikningi á meðaltali leikmínútna, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um venslasamninga, voru nefndir leikmenn í 5. og 6. sæti yfir leikmínútuhæstu leikmenn meistaraflokks KR. Voru þeir því báðir innan hóps þeirra sjö leikmanna móðurfélagsins sem leikið höfðu flestar mínútur að meðaltali á yfirstandandi keppnistímabili.

Samkvæmt fortakslausu orðalagi 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um venslasamninga var umræddum leikmönnum óheimilt að vera á venslasamningi við KV þegar bikarleikurinn fór fram. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. ber félagið sjálft ábyrgð á því að tryggja að lánsleikmenn þess séu ekki yfir meðaltali sjö mínútuhæstu leikmanna hjá móðurfélaginu á hverjum tíma.

(iv)

Þar sem Lars Erik Bragason og Reynir Bjarkan Barðdal Róbertsson tóku báðir þátt í leiknum hinn 19. október 2026 án gildrar leikheimildar samkvæmt 5. gr. reglugerðar um venslasamninga, tefldi kærði fram ólöglegum leikmönnum í leiknum.

Það er á ábyrgð félaga að tefla ekki fram ólöglegum leikmönnum, sbr. 2. mgr. gr. 8.5 í reglugerð um körfuknattleiksmót. Leiknum lauk með sigri kærða 115–103. Af þeim sökum ber skv. ákvæði 2. mgr. gr. 8.5 reglugerðar um körfuknattleiksmót að skrá úrslit leiksins tuttugu – núll (20–0), kæranda í vil.

Jafnframt kveður 3. mgr. gr. 8.5 á um að ef notaður er ólöglegur leikmaður í bikarkeppni meistaraflokka skuli sekt nema 250.000 kr. Ber kærða því að greiða sekt að þeirri fjárhæð til KKÍ.

Með vísan til alls framangreinds er fallist á kröfur kæranda.

ÚRSKURÐARORÐ

Með vísan til 2. mgr. gr. 8.5 í reglugerð KKÍ um körfuknattleiksmót skal kærandi, Ungmennafélag Laugdæla (Laugdælir/Uppsveitir), dæmdur tuttugu – núll (20–0) sigur í leik félagsins gegn Knattspyrnufélagi Vesturbæjar í 32-liða úrslitum VÍS-bikars karla sem fram fór þann 19. október 2026.

Með vísan til 3. mgr. gr. 8.5 í reglugerð KKÍ um körfuknattleiksmót skal kærði, Knattspyrnufélag Vesturbæjar, greiða sekt að fjárhæð kr. 250.000 til Körfuknattleikssambands Íslands.

Oddur Valsson, formaður
Kristjana Pálsdóttir
Kristinn G. Kristinsson
Sigurjón Gauti Friðriksson
Rúnar Birgir Gíslason

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðarmál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ sbr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál innan fimm (5) sólarhringa frá uppkvaðningu hans. Almennir frídagar teljast ekki með við útreikning frestsins.